



Samþætting
helstu áherslur

Dagskrá

- Meginþættir frumvarpsins
- Umsögn sambandsins – helstu áherslur
- Viðbrögð frá félagsmála- og fræðslustjórum
 - Helga Guðmundsdóttir
 - Þorsteinn Hjartarson
 - Rannveig Einarsdóttir
- Umræður

Forsaga

Ráðstefna um snemmtæka
íhlutun í málefnum barna –vor
2018

- Skýr vilji um aukið samstarf innan þjónustukerfa sem veita börnum og fjölskyldum þeirra þjónustu.

Viljayfirlýsing að brjóta niður
múra milli kerfa, bæta þjónustu
við börn haust 2018

Þingmannanefnd – skipuð af
öllum þingflokkum október 2018

- Leggja fram tillögur að breytingum á löggjöf, reglugerðum og framkvæmd þjónustu í þágu barna – til að tryggja samhæfingu og samfellu í þjónustu við börn.

Viðtækt samráð – hliðarhópar, frá
öllum kerfum og
hagsmunasamtökum

Tillögur að lagabreytingum

- Skapa lagaumhverfi sem miðar að snemmtækum stuðningi við börn til að tryggja aukna samvinnu og samfellu í þjónustu við börn.
- Sérstök lög sem tryggja aukna samþættingu hinna fjölmörgu kerfa sem veita þjónustu í þágu barna.
- Samhliða sérstakri löggjöf verði gerðar breytingar á öðrum lögum og reglugerðum sem tengjast þjónustu við börn s.s. Lögum um félagsþjónustu, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, barnaverndarlögum, löggjöf sem fjallar um veitingu heilbrigðisþjónustu og skólalöggjöfinni.
- Brýnt að stjórnarsýsla velferðarmála á vegum ríkisins styðji við þær breytingar með því að setja á laggirnar Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (í anda embætti landlæknis) og stjórnarsýslustofnun Barna- og fjölskyldustofu – víðtæk þekking á málefnum barna og veiting þjónustu.



Helstu þættir frumvarpsins

Skilgreining þjónustu í þágu farsældar barna

Stefnumótun þvert á málefnasvið

Stjórnarsýsla á vegum ríkisins

Stigskipting þjónustu í þágu farsældar barna

Tengiliðir og málstjórar

Skilgreiningar

- Frumvarpið byggir á víðtækri skilgreiningu á hugtakinu farsældarþjónusta sem er nýtt yfirheiti yfir þjónustu sem mælt er fyrir um í lögum að sé veitt á vegum ríkis og sveitarfélaga sem á þátt í að efla eða tryggja farsæld barns.
- Frumvarpið tekur því til allrar þjónustu sem fer fram innan skólakerfisins, í leik-, grunn- og framhaldsskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Jafnframt er átt við þjónustu sem er veitt innan heilbrigðiskerfisins, á heilsugæslum, heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum og sú félagsþjónusta sem er veitt í þágu barna innan sveitarfélaga, barnaverndarþjónusta og þjónusta við fötluð börn, svo eitthvað sé nefnt.

Stefnumótun þvert á málefnasvið – svæðisráð

- Nýr samráðsvettvangur annars vegar á vegum ríkis og hins vegar á vegum sveitarfélaga.
- Markmið að leiða saman lykilaðila sem bera ábyrgð á farsæld barna.
- Þessi vettvangur á að móta þverfaglegar stefnur og framkvæmdaáætlanir.
- Farsældarráð er á vegum ríkisins
- Á vegum sveitarfélaga - svæðisbundinn farsældarráð barna - þar sem koma saman fulltrúar þeirra þjónustukerfa sem bera ábyrgð á farsæld barna á tilteknu svæði.

Stjórnsýsla á vegum ríkisins

- Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að félags- og barnamálaráðherra beri ábyrgð á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og hafi eftirlit með framkvæmd laganna.
- Tvær nýjar ríkisstofnanir
 - Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála
 - Barna- og fjölskyldustofa

Þær eiga að gegna mikilvægu hlutverki í innleiðingu, uppbyggingu, fræðslu, stuðningi og eftirliti til að lögin nái markmiði sínu.

Stigskipting þjónustu

- 1. stig Grunnþjónusta og snemmtækur stuðningur
- 2. stig Markvissari stuðningur
- 3. stig Sérhæfður stuðningur

Tengiliður

- Öll börn og foreldrar skuli hafa aðgang að tengilið í þjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þörf krefur. Hér er um nýtt hlutverk að ræða sem skiptist að mestu á milli heilsugæslu, skólakerfisins og að hluta til félagsþjónustunnar.
- Tengiliður skal hafa viðeigandi þekkingu á þjónustu í þágu farsældar barns og skal ráðherra setja reglugerð um tengiliði þar sem m.a. koma fram frekari hæfnisskilyrði og menntunarkröfur sem gera á til tengiliða.

Hlutverk tengiliðar

- Veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns samkvæmt óskum foreldra og/eða barns.
- Hafa eins fljótt og unnt er samband við foreldra, og barn eftir atvikum, ef hann fær upplýsingar um vísbendingar um að þörfum barns fyrir þjónustu sé ekki mætt.
- Aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns samkvæmt beiðni foreldra og/eða barns.
- Skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns samkvæmt beiðni foreldra.
- Koma upplýsingum til sveitarfélags um þörf fyrir tilnefningu málstjóra þjónustu í þágu farsældar barns að höfðu samráði við foreldra og/eða barn.
- Taka þátt í stuðningsteymi eftir því sem við á.

Málstjóri

- Málstjóri skipaður ef barn hefur þörf á frekari þjónustu en veitt er á fyrsta stigi. Sveitarfélag skal velja málstjóra sem starfar við félagsþjónustu sveitarfélagsins eða á þeim sviðum sem þarfir barnsins liggja.
- Málstjóri skal hafa viðeigandi þekkingu á þjónustu í þágu farsældar barns og skal ráðherra setja reglugerð um málstjóra þar sem m.a. koma fram frekari hæfnisskilyrði og menntunarkröfur sem gera á til málstjóra.

Hlutverk málsstjóra

- Veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns samkvæmt óskum foreldra og/eða barns.
- Hafa eins fljótt og unnt er samband við foreldra, og barn eftir atvikum, ef hann fær upplýsingar um þörf barns fyrir þjónustu á öðru eða þriðja stigi. Aðstoða við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum barns samkvæmt beiðni foreldra og/eða barns.
- Bera ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og leiða stuðningsteymi.
- Fylgja því eftir að þjónusta sé veitt í samræmi við stuðningsáætlun.
- Veita þeim sem sitja í stuðningsteymi ráðgjöf og upplýsingar um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns.

Almennt

Sambandið tekur heils hugar undir markmið frumvarpsins:

- fylgjast með velferð og farsæld barna
- meta þörf fyrir þjónustu
- bregðast við á skilvirkan hátt með samfelldri og samþættri þjónustu

Markmið frumvarpsins í samræmi við stefnu sambandsins um snemmtækan stuðning og samþætta þjónustu.

Sambandið skrifað undir viljayfirlýsingu um að afnema hindranir milli kerfa, bæta þjónustu í þágu barna og skapa barnvænt samfélag

Til þess að markmið frumvarpsins nái fram að ganga verður sú umgjörð sem sett er upp til að ná þeim markmiðum að vera skýr og skilvirk.

Persónuvernd og samþykki foreldra

- Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna er valkvæð þjónusta, þ.e.a.s. foreldrar þurfa að óska eftir samþættingu og geta hafnað henni.
 - 19. gr. Samþætting fyrsta stigs þjónustu
 - *Ef foreldrar óska eftir þjónustu tengiliðar.....*
 - 21. gr. Hlutverk málstjóra
 - Veitir ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns *samkvæmt óskum foreldra og/eða barns*
 - 22. gr. Stuðningsteymi og stuðningsáætlun
 - *Ef foreldrar óska eftir þjónustu málstjóra*

Persónuvernd og samþykki foreldra

- Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna er valkvæð þjónusta, þ.e.a.s. foreldrar þurfa að óska eftir samþættingu og geta hafnað henni.
- 19. gr. Samþætting fyrsta stigs þjónustu (úr greinargerð)
 - *Ef foreldrar óska einungis eftir upplýsingum frá tengilið en kjósa að skipuleggja sjálfir og fylgja eftir þjónustu í þágu farsældar barnsins þá virkjast ekki heimildir til vinnslu persónuupplýsinga sem ákvæði þetta felur í sér.*
- 21. gr. Hlutverk málstjóra (úr greinargerð)
 - *Áréttar ber að málstjóri hefur ekki heimildir til miðlunar persónuupplýsinga nema foreldrar óski eftir þjónustu við samþættingu, sbr. 20. gr.*
- 22. gr. Stuðningsteymi og stuðningsáætlun (úr greinargerð)
 - *Áréttar ber að heimildir ákvæðisins til miðlunar persónuupplýsinga virkjast ekki ef foreldrar óska ekki eftir aðstoð við samþættingu*

Persónuvernd og samþykki foreldra

- 18. gr. Hlutverk tengiliðar (úr greinargerð)
 - *...en áréttta ber að miðlun upplýsinga um þörf fyrir tilnefningu málstjóra er ekki háð samþykki foreldris eða barns. Um leið verður að benda á að neikvæð afstaða foreldris og aðstæður barnsins kunna að leiða til þess að mál verði tilkynnt á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga.*

Persónuvernd og samþykki foreldra

- Samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga
 - Samþykki verður að vera óþvingað, þ.e. veitt af fúsum og frjálsum vilja. Ef ekki er hægt að afturkalla samþykki án neikvæðra afleiðinga er það ekki veitt af fúsum og frjálsum vilja.
- Telst það óþvingað samþykki fyrir þjónustu tengiliða og málstjóra ef neitun getur orðið til þess að barnaverndarmál er stofnað?

Persónuvernd og samþykki foreldra

- Ef þjónusta tengiliða og málstjóra og miðlun persónuupplýsinga milli þjónustuaðila er eingöngu heimil þegar foreldrar óska eftir þjónustunni, hvernig á þá að bregðast við ef foreldrar neita eða afþakka þjónustu?
 - Á alltaf að stofna barnaverndarmál?
 - Ef barnaverndarmál er stofnað má þá nýta þjónustu tengiliða og málstjóra eða á þá einhver annar aðili að sjá um samþættingu – eða er samþætting enn óheimil?
 - Hvað verður um núverandi heimildir til samþættingar? T.d. um samstarf félagsþjónustu og skóla?

Persónuvernd og samþykki foreldra

- Dæmi:
 - Harmleikur innan fjölskyldu leiðir til þess að fjölskylda með börn á leik- og grunnskólaaldri þarf á þjónustu félagsþjónustunnar að halda. Þar kemur í ljós að börnin þurfa strax aukin stuðning í skóla til að fyrirbyggja að harmleikurinn hafi áhrif á börnin.
 - Foreldrar vilja ekki samþætta þjónustu og vilja alls ekki að upplýsingum sé miðlað til skóla, jafnvel þótt skýrt komi fram að eingöngu sé verið að miðla lágmarks upplýsingum og ekki smáatriðum um harmleikinn. Farið er yfir að eingöngu eigi að miðla að af gefnu tilefni þurfi börnin viðbótarstuðning og tryggt sé að fylgst sé vel með ef þau þurfa frekari stuðning. Þrátt fyrir það hafna foreldrar samþættingu þjónustu og miðlun persónuupplýsinga
 - Þá vakna eftirfarandi spurningar:
 - Er þá miðlun persónuupplýsinga bönnuð?
 - Má sveitarfélagið ekki samþætta þjónustuna?
 - Er líklegt að stofnun barnaverndarmáls geri aðstæður betri eða verri?

Svæðisbundin farsældarráð barna

Koma saman fulltrúar þeirra þjónustukerfa sem bera ábyrgð á farsæld barna á tilteknu svæði

- Mörk ráða ákveðin í reglugerð – ójóst hver þau verða
- Fulltrúar ríkis og sveitarfélaga – mörg sveitarfélög í hverju ráði – fjöldi fulltrúa
- Erfitt fyrir víðfeðm og fjölmenn ráð að ná samstöðu um svæðisbundna stefnu og framkvæmdaáætlun?

Ábyrgð á starfsemi hjá sveitarfélögum

- Hvernig er þeirri ábyrgð skipt milli sveitarfélaga?
- Hver ber kostnað að starfseminni?
- Árleg skýrslugjöf til Gæða- og eftirlitsstofnunar
- Heimildir Gæða- og eftirlitsstofnunar til að beita viðurlögum – dagsektir

Svæðisbundin farsældarráð barna (frh.)

Tillaga að breytingum:

- Samráðsvettvangur þjónustuveitenda – ræða stefnu og aðgerðaáætlun farsældarráðs barna
- Val um samvinnu hvað varðar frekari stefnumótun – skyldan til að gera svæðisbundna stefnu og framkvæmdaáætlun felld niður
- Kveða skýrt á um hver ber ábyrgð á starfsemi ráðanna
- Horfa til vinnu um svæðaskiptingu stjórnsýslunnar sem er í gangi á vegum forsætisráðuneytisins

Annað

- *Mat á áhrifum* – í vinnslu - töluverður kostnaður en líka ávinningur
- *Stigskipting þjónustu* – mikilvægt að vinna við flokkun hefjist sem fyrst í samvinnu við sveitarfélögin
- *Tengiliðir og málstjórar* – ekki of ströng hæfisskilyrði – sveitarfélög hafi svigrúm til að skipuleggja þessa vinnu
- *Stuðningsteymi* – bent á hugsanlega skörun við tilraunaverkefni um þverfagleg landshlutateymi